

# Fjármálaeftirlitið

## Ársreikningur 2010

Fjármálaeftirlitið  
Suðurlandsbraut 32  
Reykjavík  
541298-3209

## Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings .....	3
Áritun endurskoðenda .....	4
Rekstrarreikningur .....	5
Efnahagsreikningur .....	6
Sjóðstreymi .....	7
Skýringar .....	8

## Skýrsla stjórnenda og staðfesting ársreiknings

Fjármálaeftirlitið starfar á grundvelli laga nr. 87/1998, um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, með síðari breytingum. Um starfsemi þess gilda enn fremur lög nr. 99/1999 með síðari breytingum, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi, og sérlög um starfsemi á fjármálamarkaði.


Tekjur af eftirlitsgjaldi, sem eftirlitsskyldir aðilar greiða, námu 1.143,2 m.kr. á árinu 2010. Aðrar tekjur námu 124,8 m.kr. og fjármunatekjur námu 19,4 m.kr. Rekstrargjöld, að meðtöldum eignakaupum, námu 1.233,3 m.kr. Eignir í árslok 2010 námu samtals 284,7 m.kr. og skuldir 41,9 m.kr.


Eigið fé í ársbyrjun 2010 var jákvætt um 188,7 m.kr. Tekjuafgangur ársins nam 54,1 m.kr. og eigið fé í árslok 2010 var því jákvætt um 242,8 m.kr.

Ársreikningurinn er saminn í samræmi við reglur um framsetningu reikningsskila stofnana sem falla undir A-hluta ríkissjóðs.


Stjórn og forstjóri Fjármálaeftirlitsins staðfesta hér með ársreikning stofnunarinnar fyrir árið 2010 með undirritun sinni.

Reykjavík, 31. maí 2011

Stjórn  
  
Lilja Ólafsdóttir  
formaður.

  
Kristín Haraldsdóttir.

  
Arnór Sighvatsson.

Forstjóri  
  
Gunnar P. Andersen.

## Áritun endurskoðenda

Til stjórnar Fjármálaeftirlitsins og viðskiptaráðuneytis

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Fjármálaeftirlitsins fyrir árið 2010. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnenda, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

### **Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum**

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu ársreiknings þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og mati miðað við aðstæður.

### **Ábyrgð endurskoðenda**

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju og ákvæði laga um Ríkisendurskoðun. Samkvæmt því ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.


Endurskoðunin felur í sér aðgerðir til að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri áhættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér mat á þeim reikningsskila- og matsaðferðum sem gilda um A-hluta stofnanir og stjórnendur nota við gerð ársreikningsins og framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina hafi verið aflað nægjanlegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á

### **Álit**

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Fjármálaeftirlitsins á árinu 2010, efnahag þess 31. desember 2010 og breytingu á handbæru fé á árinu 2010, í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.

Ríkisendurskoðun, 31. maí 2011.



Sveinn Arason,  
ríkisendurskoðandi.

## Rekstrarreikningur árið 2010

	Skýr.	2010	2009
<b>Tekjur</b>			
Tekjur af eftirlitsgjaldi .....	1	1.143.217.311	777.588.000
Aðrar tekjur .....	2	124.788.106	13.803.467
		<u>1.268.005.417</u>	<u>791.391.467</u>
<b>Gjöld</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	3	817.790.064	645.663.131
Úrskurðarnefndir .....	4	12.723.784	8.453.303
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður .....	5	63.061.119	55.237.601
Ferða- og starfstengdur kostnaður .....	6	36.034.988	32.555.141
Aðkeypt sérfræðipjónusta .....	7	162.872.402	314.370.880
Rekstur tækja og áhalda .....	8	26.723.935	22.499.314
Annar rekstrarkostnaður .....	9	36.902.693	31.407.204
Húsnæðiskostnaður .....	10	66.437.068	62.288.290
Tilfærslur .....	11	147.275	131.900
		<u>1.222.693.328</u>	<u>1.172.606.764</u>
Eignakaup .....	12	10.582.375	7.688.147
		<u>1.233.275.703</u>	<u>1.180.294.911</u>
<b>Rekstrarafgangur / (halli)</b>		34.729.714 (	388.903.444)
Fjármunatekjur .....	13	<u>19.383.860</u>	<u>30.799.072</u>
<b>Tekjuafgangur / (halli) fyrir ríkisframlag</b>		54.113.574 (	358.104.372)
Ríkisframlag .....		<u>0</u>	<u>18.500.000</u>
<b>Tekjuafgangur / (tekjuhalli) ársins</b>		<u>54.113.574</u> (	<u>339.604.372)</u>

## Efnahagsreikningur 31. desember 2010

	Skýr.	2010	2009
<b>Eignir</b>			
<b>Veltufjármunir</b>			
Ríkissjóður .....	14	0	14.180.002
Viðskiptakröfur .....		91.903.206	179.235.046
Aðrar skammtímakröfur .....		8.414.554	2.563.937
Handbært fé .....		184.401.897	125.059.329
		<u>284.719.657</u>	<u>321.038.314</u>
<b>Eignir alls</b>		<u>284.719.657</u>	<u>321.038.314</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé</b>			
Höfuðstóll í ársbyrjun .....		188.739.387	528.343.759
Tekjuafgangur / (tekjuhalli) ársins .....		54.113.574	( 339.604.372)
<b>Eigið fé</b>	15	<u>242.852.961</u>	<u>188.739.387</u>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Ríkissjóður .....	14	5.418.748	0
Skammtímaskuldir .....		35.488.877	129.844.643
Aðrar skammtímaskuldir .....		959.071	2.454.284
<b>Skuldir</b>		<u>41.866.696</u>	<u>132.298.927</u>
<b>Eigið fé og skuldir</b>		<u>284.719.657</u>	<u>321.038.314</u>

## Sjóðstreymi árið 2010

	Skýr.	2010	2008
<b>Rekstrarhreyfingar</b>			
<i>Veltufé frá rekstri:</i>			
Tekjuafgangur / (tekjuhalli) ársins.....		54.113.574	( 339.604.372)
<b>Veltufé frá rekstri</b>		<u>54.113.574</u>	<u>( 339.604.372)</u>
 <i>Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:</i>			
Skammtímakröfur (hækkun)/lækkun.....		81.481.223	( 42.099.510)
Viðskiptaskuldir hækkun.....		( 95.850.979)	( 110.349.782)
		<u>( 14.369.756)</u>	<u>( 152.449.292)</u>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>		39.743.818	( 492.053.664)
 <b>Fjármögnunarhreyfingar</b>			
<i>Breyting á stöðu við ríkissjóð</i>			
Framlag ríkissjóðs, tekjur af eftirlitsgjaldi.....		1.143.217.311	796.088.000
Greitt úr ríkissjóði.....		(1.123.618.561)	( 308.241.702)
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>		<u>19.598.750</u>	<u>487.846.298</u>
 <b>Hækkun á handbæru fé.....</b>		59.342.568	( 4.207.366)
 <b>Handbært fé í ársbyrjun.....</b>		<u>125.059.329</u>	<u>129.266.695</u>
 <b>Handbært fé í lok ársins</b>		<u>184.401.897</u>	<u>125.059.329</u>

## Skýringar

### Reikningsskiilaáferðir

#### Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur Fjármálaeftirlitsins er gerður í samræmi við lög um fjárreiður ríkisins, nr. 88/1997, lög um ársreikninga, nr. 3/2006, og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga, nr. 696/1996.

Samkvæmt fjárreiðulögum eiga A-hluta ríkisstofnanir ekki að eignfæra varanlega rekstrarfjármuni heldur skulu þeir gjaldfærðir á kaupári. Stofnanirnar eiga almennt ekki að taka lán til langs tíma og mega ekki gangast undir skuldbindingar til lengri tíma nema með heimild í fjárlögum.

#### Skattar

Ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki eru almennt undanþegin álagningu tekjuskatta.

#### Skráning tekna

Stofnunin innheimtir eftirlitsgjöld af eftirlitsskyldum aðilum og er innheimtan skráð í innheimtugerfi ríkisins. Sértekjur Fjármálaeftirlitsins eru skráðar í bókhald við greiðslu innan ársins. Í lok árs eru óinnheimtar tekjur, sem tilheyra viðkomandi rekstrarári, færðar í rekstrarreikning og til eignar í efnahagsreikningi.

#### Skráning gjalda

Gjöld eru bókuð við greiðslu reikninga innan ársins. Í lok ársins eru áfallin gjöld, sem tilheyra viðkomandi rekstrarári, færð í rekstrarreikning sem gjöld og til skuldar í efnahagsreikningi.

#### Skammtímakröfur

Skammtímakröfur eru færðar á kostnaðarverði.

#### Handbært fé

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum.

#### Lífeyrisskuldbinding

Lífeyrisskuldbinding vegna núverandi og fyrrverandi starfsmanna stofnunarinnar er áhvílandi. Í samræmi við reikningsskilareglu A-hluta ríkissjóðs er lífeyrisskuldbinding ekki færð í ársreikning einstakra A-hluta ríkisstofnana heldur er hún færð í einu lagi hjá ríkissjóði.

#### Skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á kostnaðarverði.



## Skýringar

### Bókhald og fjárvarsla

Fjármálaeftirlitið sér sjálft um færslu bókhalds og greiðslur, innheimtu gjalda af eftirlitsskyldum aðilum og allan launaundirbúning en launakeyrlan er hjá Fjársýslu ríkisins.

### Fjárheimildir og rekstur

Fjármálaeftirlitið er með sjálfstæðan fjárhag. Samkvæmt lögum nr. 99/1999 með síðari breytingum, um greiðslu kostnaðar við opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi skulu eftirlitsskyldir aðilar standa straum af kostnaði við rekstur eftirlitsins. Gjaldið reiknast ýmist sem ákveðinn hundraðshluti af heildareignum, rekstrartekjum eða tryggingariðgjöldum eftirlitsskyldra aðila í samræmi við eðli starfseminnar. Í nokkrum tilvikum er um fast gjald að ræða. Álagningargrunnur eftirlitsgjaldsins hverju sinni eru ársreikningar eftirlitsskyldra aðila fyrir næstliðið ár þegar áætlun er undirbúin.

Framlög í fjárlögum ársins 2010 námu samtals 1.021,5 m.kr. en skv. fjárheimildum ársins námu framlögin samtals 1.153,0 m.kr. Hækkunin skýrist að mestu leyti af fjölgun starfsmanna stofnunarinnar.

Rekstrargjöld að frádregnum tekjum námu 54,1 m.kr. og urðu því 54,1 m.kr. umfram fjárheimildir ársins.

Í þús. kr.	Fjárlög	Fjárheimild	Rekstur	Frávik
Tekjur .....	( 19.000 )	( 13.000 )	( 149.490 )	136.490
Laun og launatengd gjöld .....	741.100	829.000	830.514	( 1.514 )
Önnur rekstrargjöld .....	289.300	326.900	397.350	( 70.450 )
Tilfærslur .....	7.000	7.000	147	6.853
	<u>1.018.400</u>	<u>1.149.900</u>	<u>1.078.521</u>	<u>71.379</u>
Eignakaup .....	3.100	3.100	10.582	( 7.482 )
	<u>1.021.500</u>	<u>1.153.000</u>	<u>1.089.104</u>	<u>63.896</u>
Eftirlitsgjald .....	(1.021.500)	(1.153.000)	( 1.143.217 )	( 9.783 )
	<u>0</u>	<u>0</u>	<u>( 54.114 )</u>	<u>54.114</u>

## Skýringar

### Sundurliðanir

#### 1. Tekjur af eftirlitsgjaldi

Tekjur af eftirlitsgjaldi sem eftirlitsskyldir aðilar greiða til Fjármálaeftirlitsins jukust um 365,6 m.kr. á milli ára eða 47,0%.

#### 2. Aðrar tekjur

Aðrar tekjur hækkuðu um 111,0 m.kr. milli ára. Mest var hækkun á liðnum ýmsar tekjur eða um 106,7 m.kr. sem skýrist að mestu af tekjum vegna sérstakrar skoðunar stofnunarinnar á samsetningu úlána hjá lánastofnunum.

	2010	2009
Tekjur vegna úrskurðarnefnda .....	12.723.784	8.453.303
Ýmsar tekjur .....	112.064.322	5.350.164
	<u>124.788.106</u>	<u>13.803.467</u>

#### 3. Launagjöld og starfsmannakostnaður

Laun- og starfsmannakostnaður hækkaði um 172,1 m.kr. eða 26,7% á milli ára en að teknu tilliti til fjölgunar stöðugilda lækkaði hann um 1,7%. Stöðugildum fjölgaði um 19,5 og urðu 86,9 á árinu 2010 en 67,4 á árinu 2009. Laun og launatengd gjöld vegna stjórnarmanna að fjárhæð 14,5 m.kr. eru meðtalin í framangreindum launakostnaði en þau hækkuðu um 2,5 m.kr. á milli ára eða 20,8%. Áfallið orlof er ekki reiknað og fært upp í ársreikninginn.

Dagvinna .....	429.916.398	356.226.414
Yfirvinna .....	178.654.707	129.956.780
Orlof .....	6.301.767	0
Aukagreiðslur .....	35.693.846	36.152.784
Önnur laun .....	7.291.938	5.576.927
Launatengd gjöld .....	155.064.089	110.450.236
Starfsmannakostnaður .....	4.867.319	7.299.990
	<u>817.790.064</u>	<u>645.663.131</u>

## Skýringar

### 4. Úrskurðarnefndir

Á árinu 2010 varð 4,3 m.kr. eða 50,5% hækkun á kostnaði vegna úrskurðarnefnda. Fjármálaeftirlitið leggur út fyrir launum nefndarmanna í úrskurðarnefnd í váttryggingamálum og úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki en innheimtir síðan kostnaðinn hjá váttryggingafélögum, samtökum banka og verðbréfafyrirtækja og samtökum sparisjóða.

	2010	2009
Úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, 417 mál .....	7.560.860	8.453.303
Úrskurðarnefnd um viðskipti við fjármálafyrirtæki, 44 mál .....	5.162.924	0
	<u>12.723.784</u>	<u>8.453.303</u>

### 5. Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður

Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður hækkaði um 7,8 m.kr. á milli ára eða 14,2%. Mest var hækkun á skrifstofuvörum eða um 2,9 m.kr. og á afnota- og leyfisgjöldum um 2,5 m.kr. sem skýrist m.a. af fjölgun nýrra starfsmanna. Um 2,1 m.kr. hækkun var á liðnum útgáfustarfsemi sem má rekja að stærstum hluta til prentunar ársskýrslu.

Afnotagjöld / leyfisgjöld .....	34.891.985	32.434.514
Skrifstofuvörur .....	10.280.479	7.375.032
Tímarit, blöð og bækur .....	3.119.333	5.293.693
Auglýsingar og kynningar .....	3.651.667	1.988.679
Símagjöld .....	6.545.264	5.751.987
Útgáfustarfsemi .....	3.757.485	1.629.126
Burðargjöld .....	814.906	753.985
Gjafir .....	0	10.585
	<u>63.061.119</u>	<u>55.237.601</u>

### 6. Ferða- og starfstengdur kostnaður

Ferða- og starfstengdur kostnaður hækkaði um 3,5 m.kr. eða 10,7% á milli ára. Mest hækkun var á funda-, námskeiðs- og ráðstefnukostnaði eða um 4,1 m.kr. sem skýrist að stærstum hluta eða um 1,0 m.kr. af aukinni þátttöku á námskeiðum. Annar kostnaður er risna og félagsgjöld.

Ferða- og dvalarkostnaður erlendis .....	27.215.530	26.937.605
Ferða- og dvalarkostnaður innanlands .....	409.877	403.141
Funda-, námskeiðs- og ráðstefnugjöld .....	6.291.616	2.220.765
Akstur .....	1.627.385	2.375.585
Annar kostnaður .....	490.580	618.045
	<u>36.034.988</u>	<u>32.555.141</u>

## Skýringar

### 7. Aðkeypt sérfræðiþjónusta

Aðkeypt sérfræðiþjónusta dróst saman um 151,5 m.kr. á milli ára eða 48,2%. Lækkunin skýrist að stærstum hluta af útlögðum kostnaði að fjárhæð 221,3 m.kr. vegna skilaneftnda á fyrri hluta ársins 2009 en sambærilegur kostnaður var ekki á árinu 2010. Á árinu var um 6,8 m.kr. hækkun á aðkeypti þjónustu vegna ráðninga nýrra starfsmanna og um 3,0 m.kr. vegna endurskipulagningar á dagsektakerfi. Tölvu- og kerfisfræðiþjónusta vegna hugbúnaðargerðar hækkaði um 1,7 m.kr. sem rekja má til fjölgunar starfsmanna.

	2010	2009
Sérfræðiþjónusta .....	131.351.396	284.519.460
Tölvu- og kerfisfræðiþjónusta .....	31.521.006	29.851.420
	<u>162.872.402</u>	<u>314.370.880</u>

### 8. Rekstur tækja og áhalda

Rekstur tækja og áhalda hækkar um tæpa 4,2 m.kr. eða um 18,8% milli ára. Mest var 6,8 m.kr. eða 54,4% hækkun á rekstrarleigu tækja og búnaðar sem skýrist að mestu af fjölgun starfsmanna á árinu.

Rekstrarleiga tækja og búnaðar .....	19.275.780	12.485.264
Smátæki og áhöld .....	2.683.564	3.044.099
Viðgerðir og viðhald .....	4.764.591	6.969.951
	<u>26.723.935</u>	<u>22.499.314</u>

### 9. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður samtals hækkar um 5,5 m.kr. á milli ára eða um 17,5%.

Máltíðir og matvæli .....	11.532.570	9.237.129
Hreinsun og gagnæyðing .....	521.327	276.707
Aðkeyptur akstur, flutningar og annar bifreiðakostnaður .....	2.670.891	1.845.337
Ýmis önnur þjónustugjöld og rekstrarvörur .....	17.039.612	20.048.031
Bætur .....	1.970.000	0
	<u>36.902.693</u>	<u>31.407.204</u>

## Skýringar

### 10. Húsnæðiskostnaður

Húsnæðiskostnaður hækkaði um 4,2 m.kr. á milli ára eða 6,7%. Þar vegur þyngst 3,8 m.kr. hækkun á viðhaldi fasteigna vegna ýmissa breytinga á húsnæði stofnunarinnar að Suðurlandsbraut 32, Reykjavík. Húsaleiga hækkaði um 1,5 m.kr. en hún byggir á föstum samningum sem bundnir eru vísitölu neysluverðs. Um 4,9 m.kr. lækkun var á kostnaði vegna öryggisgæslu en meiri öryggisgæsla var hjá stofnuninni á árinu 2009 í kjölfar bankahrunsins en á árinu 2010.

	2010	2009
Leigugjöld .....	42.167.945	40.684.289
Þrif og sorphirða .....	6.095.319	4.809.370
Orka .....	1.872.026	1.413.409
Viðhald fasteigna .....	5.412.049	1.642.812
Öryggisgæsla .....	4.177.480	9.117.490
Annar húsnæðiskostnaður .....	4.890.856	4.314.578
Sameiginlegur húsnæðiskostnaður .....	1.821.393	306.342
	<u>66.437.068</u>	<u>62.288.290</u>

### 11. Tilfærslur

Tilfærslur námu um 0,1 m.kr., en þær voru styrkir til ýmissa félagasamtaka.

### 12. Eignakaup

Eignakaup hækkuðu um 2,9 m.kr. milli ára. Hækkunin skýrist að stærstum hluta af kaupum á húsgögnum á árinu vegna nýrra starfsmanna.

Tölvubúnaður .....	4.680.600	3.410.467
Húsgögn .....	4.151.465	1.105.878
Skrifstofubúnaður og önnur tæki .....	1.750.310	3.171.802
	<u>10.582.375</u>	<u>7.688.147</u>

### 13. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Vaxtatekjur .....	24.701.717	36.821.427
Fjármagnstekjuskattur .....	( 3.687.201)	( 4.019.460)
Vaxtagjöld .....	( 1.630.656)	( 2.002.895)
	<u>19.383.860</u>	<u>30.799.072</u>

## Skýringar

### Annað

#### 14. Staða við ríkissjóð

Greiðslustaða við ríkissjóð er neikvæð um 5,4 m.kr. í árslok 2010 í stað jákvæð um 14,2 m.kr. í árslok 2009.

#### 15. Eigið fé

Skilgreining á framlagi ríkissjóðs og færsluaðferð leiðir það af sér að höfuðstóll stofnunarinnar sýnir uppsafnaðan tekjuafgang hennar gagnvart fjárlögum og fjárheimildum. Í lok ársins 2010 var eigið fé stofnunarinnar jákvætt um 246,2 m.kr. og hafði hækkað um 57,4 m.kr. frá árinu áður eða sem nam tekjuafgangi ársins.

##### Höfuðstóll

Höfuðstóll 1. janúar 2010 .....	188.739.387
Tekjuafgangur .....	54.113.574
Höfuðstóll 31. desember 2010 .....	<u>242.852.961</u>

#### Kennitölur

##### Fimm ára yfirlit í þúsundum króna á verðlagi hvers árs:

	2010	2009	2008	2007	2006
<b>Rekstur</b>					
Rekstrartekjur .....	1.292.707	828.213	971.947	639.315	456.894
Rekstrargjöld .....	(1.228.011)	(1.178.629)	(1.065.510)	(596.077)	(390.361)
Stofnkostnaður .....	(10.582)	(7.688)	(14.798)	(4.486)	(7.434)
Tekjuafgangur	<u>54.114</u>	<u>(358.104)</u>	<u>(108.361)</u>	<u>38.752</u>	<u>59.098</u>
Ríkisframlag .....	0	18.500	549.000	0	0
(Tekjuhalli) /tekjuafgangur	<u>54.114</u>	<u>(339.604)</u>	<u>440.639</u>	<u>38.752</u>	<u>59.098</u>
<b>Efnahagur</b>					
Veltufjármunir .....	<u>284.720</u>	<u>321.038</u>	<u>770.992</u>	<u>97.551</u>	<u>58.119</u>
Eignir alls	<u>284.720</u>	<u>321.038</u>	<u>770.992</u>	<u>97.551</u>	<u>58.119</u>
<b>Höfuðstóll</b>					
Höfuðstóll .....	<u>242.853</u>	<u>188.739</u>	<u>528.344</u>	<u>87.705</u>	<u>48.953</u>
Skammtímaskuldir .....	<u>41.867</u>	<u>132.299</u>	<u>242.649</u>	<u>9.847</u>	<u>9.167</u>
Eigið fé og skuldir alls	<u>284.720</u>	<u>321.038</u>	<u>770.992</u>	<u>97.551</u>	<u>58.119</u>